

## *Daði Sigurðsson*



*Daði Sigurðsson er fæddur á Barkarstöðum í Fljótshlíð 6. maí 1939, sonur hjónanna Maríu Sigurðardóttur og Sigurðar Tómassonar, sem þar bjuggu. Daði tók við búi á Barkarstöðum fyrir hönd systkina sinna þegar foreldrar þeirra létust árið 1977 og bjó þar uns jörðin var seld árið 2007. Sama ættin bjó í beinan karlegg á Barkarstöðum frá 1842 til 2007.*

## **Túbal Magnússon**

Guðbjörg Þorleifsdóttir og Túbal Magnússon bjuggu í Múlakoti 1897- 1936. Þá tók Ólafur sonur þeirra og kona hans Lára Eyjólfsdóttir við búinu. Þá höfðu þau haldið heimili með foreldrum Óla að minnsta kosti áratug.

Ég man eftir Túbal og Guðbjörgu. Einhvern tíma gisti ég í Múlakoti og um morguninn var ég að rísla mér í dóti sem Túbal var með í kassa inni hjá sér og fór vel á með okkur. Ég hef varla verið meira en þriggja til fjögurra ára. Þá voru Guðbjörg og Túbal hætt búskap. Ekki var Túbal þó iðjulaus.

Eitt af því sem Túbal fékkst við var að búa til hnakktöskur sem hann saumaði úr seglastriga og styrkti þær með leðri. Faðir minn keypti eina slíka af honum. Var hann seinna að hrósa töskunni við Óla. Þetta væru góðar töskur og ekki væru þær dýrar. Þá kom þetta frábæra svar hjá Óla. „ Það er nú hægt að selja billegt þegar öllu efninu er stolið frá mér“.

Þetta dettur manni oft í hug þegar sumir þykjast vera að bjóða hagstæð viðskipti. Reyndar er ég alveg viss um að efninu var ekki stolið frá Óla. Það má vel vera að hann hafi keypt það, en þá beinlínis handa þabba sínum. En það var ríkt í Óla að honum fannst að hann væri alltaf að tapa. (Hnatttösku þessa hef ég undir höndum og finnst hún mikils virði vegna þeirrar sögu sem er á bak við handverkið).

Túbal mun hafa verið talsverður hugmaður og gat víst orðið nokkuð fasmikill þegar mikið var að snúast. Þá átti Guðbjörg það til að segja af sinni alkunnu stillingu. „Eitthvað er það sem á gengur“.

Hann veiddi bæði fisk og fugl. Silung veiddu menn í net og þá í ádrátt sem ekki þætti viðurkvæmileg aðferð nú til dags. Fugla skaut Túbal með haglabyssu. Ég man eftir haglabyssu númer 16 sem hann átti, og mun vera til enn, en þó ekki nothæf. Það var í frásögur fært er Túbal reið til kirkju á páskadag, frekar en hvítasunnu, að hann sá gæsir í færi. Þá hafði hann um orð: „Mikið andskoti sé ég eftir að ég tók ekki byssuna með mér“.

Túbal hafði áhuga á tónlist, spilaði á orgel og þótti afburða söngmaður með bjarta tenorrödd. Hann mun hafa spilað eitthvað í kirkjunni á Hlíðarenda.



Túbal Magnússon



Hjónin Túbal og Guðbjörg með son Ólafs, Reyni